

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 (að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) nr. 1).

#### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2011, frá 1. apríl 2011, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) nr. 1.

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 550/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 22/2011, 14. apríl 2011, bls. 8.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2011 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 2011.*

F. h. r.  
**Helga Jónsdóttir.**

*Dóra M. Hjaltested.*

**Fylgiskjal.****ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 27/2011**

frá 1. apríl 2011

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.**

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2010 frá 10. nóvember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, (IFRS-staðal) nr. 1 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2010 frá 30. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 7 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2010 frá 19. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 24 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 8 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2010 frá 19. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 14 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 662/2010 frá 23. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 19 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 1 <sup>(6)</sup>.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **2010 R 0550:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 (Stjtið. ESB L 157, 24.6.2010, bls. 3),
- **2010 R 0574:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2010 frá 30. júní 2010 (Stjtið. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 6),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 85, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 157, 24.6.2010, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 10.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2010, bls. 1.

- **32010 R 0632**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2010 frá 19. júlí 2010 (Stjttíð. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 1),
- **32010 R 0633**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2010 frá 19. júlí 2010 (Stjttíð. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 10),
- **32010 R 0662**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 662/2010 frá 23. júlí 2010 (Stjttíð. ESB L 193, 24.7.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 550/2010, 574/2010, 632/2010, 633/2010 og 662/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.